

## Áfrýjunardómstóll GSÍ

Úrskurður fimmtudaginn 18. apríl 2024.

Mál nr. 1/2024

Golfklúbbur Reykjavíkur (GR)

(Arnór Ingi Finnbjörnsson)

gegn

mótsstjórn Íslandsmóts golfklúbba karla 2023 (mótsstjórn)

(Brynjar Eldon Geirsson)

og

Golfklúbbi Mosfellsbæjar (GM)

(Jóhannes Bjarni Björnsson, lögmaður)

## Úrskurður:

Bergþóra Sigmundsdóttir, Garðar Svansson og Þórir Bragason dómamarar við Áfrýjunardómstól GSÍ kveða upp úrskurð í máli þessu.

## I. Aðdragandi máls, málsaðilar og dómkröfur

Golfklúbbur Reykjavíkur (GR) lagði fram kæru fyrir Áfrýjunardómstól GSÍ þann 4. mars 2024 vegna úrskurðar Dómstóls GSÍ um að vísa kæru GR frá dómi vegna óhlutgengis erlends liðsmanns Golfklúbbs Mosfellsbæjar (GM), sem á ekki lögheimili á Íslandi, á Íslandsmóti golfklúbba í 1. deild karla, á Akureyri 27.-29. júlí 2023, mál Dómstóls GSÍ nr. 2/2023. Varnaraðilar eru mótsstjórn Íslandsmóts golfklúbba karla 2023 (mótsstjórn) og Golfklúbbur Mosfellsbæjar (GM).

Áður hafði máli er varðaði sama ágreiningsefni verið vísað frá Dómstól GSÍ með úrskurði þann 5. október 2023, mál nr. 1/2023. Dómstólinn taldi að mótsstjórn þyrfti að taka afstöðu til þeirra athugasemda sem fælust í kæru og dómstólsins væri síðan að meta hvort sú afstaða sem þannig fengist skyldi staðfest eða henni hafnað, eins og fram kemur í ofangreindum úrskurði Dómstóls GSÍ.

Þann 9. október 2023 sendi kærandi erindi til mótsstjórnar þar sem óskað var eftir því fyrir hönd GR að mótsstjórn tæki á málinu og leiðrétti úrslit mótsins sem fyrst eins og fram kemur í kæru sóknaraðila, dags. 27. október sl. Mótsstjórn svaraði erindi kæranda eftir frávisunarúrskurð Dómstóls GSÍ mál nr. 1/2023, með tölvupósti, dags. 13. október sl. En þar kemur eftirfarandi

B/S

B/S

fram: „Mótsstjórn hefur farið yfir málið og telur sig hafa unnið eftir þeim ramma sem henni er settur og lítur þannig á að ágreining í máli þessu skuli leysa fyrir dómstóli GSÍ. Mótsstjórn telur sig því hafa lokið sínum störfum.“

Kærandi GR kærði þessa afstöðu mótsstjórnar til Dómstóls GSÍ með kæru, dags. 27. október 2023. Hinir kærðu voru mótsstjórn og GM.

Dómstól GSÍ barst afstaða mótsstjórnar með bréfi, dags. 30. nóvember 2023, sem var samhljóða tölvupósti mótsstjórnar til kæranda frá 13. október.

Í niðurstöðum úrskurðar Dómstóls GSÍ í máli nr. 2/2023 er því hafnað að óljóst sé hvað felist í aðalkröfu kæranda.

Þá kemur fram í úrskurðinum að af svörum mótsstjórnar verði ekki ráðið með skýrum hætti hvort tekin hafi verið afstaða til þátttöku hins erlenda leikmanns á þann hátt að ákveðið hafi verið að heimila honum þátttöku í umræddu móti. Hins vegar kemur fram að dómurinn telur skýrt af svörum mótsstjórnar að hún telji ekki ástæðu til að endurskoða niðurstöðu mótsins að eigin frumkvæði eftir að hafa fengið ábendingu um þetta atriði.

Þá er vísað til 6. gr. móta- og keppendareglna GSÍ um hlutgengi keppenda og þátttökuheimildar erlendra kylfinga með heimaklúbb innan vébanda GSÍ og með skráð lögheimili á Íslandi í opnum mótum. Þá er einnig vísað til heimildar til undanþágu frá því ákvæði enda sýni þeir fram á að þeir uppfylli tilskilin félaga-og forgjafarskilyrði. Þá kemur fram að ekki sé ágreiningur um að hinn erlendi leikmaður uppfyllti skilyrði til að hljóta undanþágu enda liggur fyrir að hann er meðlimur í íslenskum golfklúbbi og hefur gilda forgjöf.

Þá er vakin athygli á því að GR hafi ekki byggt á 13. gr. móta- og keppnisreglna GSÍ heldur vísi kærandi til D liðar 7. Kafla R&A um starfsreglur mótsstjórna en þar segir: „When an issue regarding the Rules is brought to the attention of the Committee after the competition is closed, the resolution will depend on the nature of the problem. If the issue is one where a player may have proceeded incorrectly under the Rules, the Committee should refer to Rule 20.2e to determine if a penalty of disqualification needs to be applied to the player. When the issue is due to an administrative error by the Committee, it should correct the error and issue new results. If necessary, the Committee should retrieve any prizes mistakenly presented and award them to the correct players. Administrative errors include: Having allowed ineligible players to enter. ...“

Þá kemur fram að kærandi hafi einnig vísað til 20.2f í golfreglum R&A þar sem rætt er um óhlutgenga keppendur og kærufresti: „There is no time limit for correcting the results of a competition when a player who has competed is found to be ineligible according to the Terms of the Competition. This applies even after the result of a match is final or after a stroke-play competition has closed. In these circumstances, the player is treated as if they had not entered the competition, as opposed to being disqualified, and the results are amended accordingly.“

Þá er tilgreint að samkvæmt golfreglum R&A geti þannig komið til þess að mótsstjórn breyti niðurstöðu móts vegna atvika sem ekki er vakin athygli á fyrr en að móti loknu. Ljóst er einnig að hafi óhlutgengum leikmanni verið heimilað að taka þátt í móti getur slíkt tilvik leitt til endurskoðunar á niðurstöðu mótsins samkvæmd ákvæðinu. Ekki eru tímamörk á slíkri endurskoðun.

46 45

Þá segir eftirfarandi: „Að mati dómsins hlýtur það sem kallað er „administrative error“ á ensku að teljast villa eða mistök við framkvæmd móts. Skýrt er í móta- og keppendareglum GSÍ að ábyrgð á framkvæmd móts liggur hjá mótsstjórn sem skylt er að skipa þegar haldið er opið mót. Ljóst er einnig að samkvæmt 5. gr. reglnanna ber mótsstjórn ábyrgð á því að farið sé eftir þeim kröfum sem fram koma í ákvæðinu og varðar framkvæmd móts.“

Þá segir í úrskurðinum: „Af stuttaralegum svörum mótsstjórnar verður ekki mikið annað ráðið en að mótsstjórn hafni því að ástæða sé fyrir mótsstjórn að taka hæfi hins erlenda leikmanns til skoðunar með það í huga að breyta niðurstöðu leikja sem hann tók þátt í.“

Þá segir að lokum í niðurstöðum úrskurðarins: „Fallast verður á það með kærða GM að mótsstjórn hefur svigrúm samkvæmt þeim reglum sem raktar hafa verið til að ákveða hvort ábending um frávík frá reglu leiði til aðgerða af hálfu mótsstjórnar eður ei. Þannig bendir orðalag í D lið 7. Kafla R&A um starfsreglur mótsstjórna til þess að mótsstjórn eigi mat um það hvort skylt sé að grípa til slíkra aðgerða enda er notað orðið „should“ sem þýðist sem „ætti“ en ekki orðið „must“ sem þýðir „skal“. Þessi tvö orð koma víða fyrir í reglum R&A og er talsverður munur á afleiðingum þess að vikið sé frá reglu eftir því hvort orðið er notað. Að mat dómsins er því fallist á að mótsstjórn hafi starfað innan sinna heimilda með því að hafna að beita viðurlögum við þeim ábendingum sem kærandi hefur lagt fram. Ekki verður séð að slík niðurstaða mótsstjórnar geti sætt kæru til Dómstóls GSÍ að móti loknu.

Óhjákvæmilegt er því að vísa málinu frá dómi þegar af þessari ástæðu.“

Dómkröfur sóknaraðila eru þær að krafist er að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir Dómstól GSÍ að taka málið til efnismeðferðar.

Dómkröfur varnaraðila eru þær að krafist er þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað og staðfest verði niðurstaða hins kærða úrskurðar um frávísun á kæru sóknaraðila.

Þá krefst varnaraðili þess að kæranda verði gert að greiða honum málskostnað.

Mótsstjórn vísaði til fyrri svara með tölvupósti þann 27. mars sl. og kvaðst ekki hafa neinu við fyrri svör sín að bæta.

## II. Málavextir

Íslandsmót golfklúbba í 1. deild karla var haldið á Jaðarsvelli Akureyri 27.-29. júlí 2023. Aðilar máls sendu lið til keppni og var erlendur kylfingur tilkynntur sem liðsmaður sveitar kærða GM með tölvupósti dags. 26. júlí 2023. Leikmaðurinn hefur dvalist á Íslandi vegna persónulegra aðstæðna án þess að skrá lögheimili sitt hér á landi enda er hann í starfi erlendis. Hann er fullgildur félagi í GM og með gilda forgjöf og hefur tekið þátt í mótum á Íslandi sem slíkur.

Í sveitakeppninni sigraði GM og varð Íslandsmeistari en GR lenti í 3ja sæti.

Við þinghald við Áfrýjunardómstól GSÍ þann 5. apríl sl. vegna máls þess, mál nr. 1/2024, kom fram að hvorki mótsstjón né GR var kunnugt um að umræddur leikmaður ætti ekki lögheimili á Íslandi fyrr en að loknu móti. GR kvaðst hafa fengið upplýsingar um málið milli kl. 17 og 18 þann 29. júlí og tilkynnti mótstjórn um atvikið þá þegar.

## III. Málsástæður

Málsástæður sóknaraðila sem fram koma í áðurnefndri kæru, dags. 4. mars 2024, eru þær að Dómstóll GSÍ ætti að taka efnislega ákvörðun í málinu en ekki að vísa málinu frá með vísan til

45 JS

Þess sem fram hefur komið í úrskurði Dómstólsins mál nr. 2/2023, þ.e. að túlka óljóst afstöðuleysi mótsstjórnar á þann hátt að í því felist efnisleg ákvörðun um að láta úrslit mótsins standa. Með þeirri afstöðu dómsins ætti þá að mati sóknaraðila það að leiða til þess að aðalkröfu hans yrði hafnað með efnislegum dómi en ekki með frávísun. Þá minnir sóknaraðili á að GM sótti aldrei um leyfi mótsstjórnar til að tefla fram hinum erlenda keppanda.

Þá kveður sóknaraðili að dómari greini ekki á milli efnisatriða og formhliðar í niðurstöðum úrskurðarins og vísi svo málinu frá án sýnilegrar ástæðu.

Þá vísar sóknaraðili til þess að mótsstjórn hafi litið svo á að leysa ætti úr ágreiningi þessum fyrir dómstólum GSÍ.

Sóknaraðili mótmælir þeirri orðskýringu sem kemur fram í úrskurðinum um mismunandi túlkun á orðunum should og must og telur þar um að ræða samheiti og vísar til enskrar orðabókar. Þá kveður sóknaraðili frávísun dómara byggja á hans persónulegu skoðun um að sagnirnar tvær hafi ólíka merkingu. Sóknaraðili kveður dómara túlka golfreglurnar þar sem orðið should kemur fyrir eins og að mótsstjórn eigi val um það hvort hún eigi að bregðast við broti sem í þessu tilviki er að leikmaður hefur ekki hlutgengi eða ekki. Þá vísar sóknaraðili til loka kafla 1.B. R&A um starfsreglur mótsstjórnar, þar sem fram kemur að mótsstjórn eigi að takast á við hvert málefni sem kemur upp eftir að keppni lýkur.

Þá hafnar sóknaraðili þeirri túlkun dómsins að ekki verði séð að niðurstaða mótsstjórnar geti sætt kæru til Dómstóls GSÍ að móti loknu.

Þá vísar sóknaraðili til þess að það hafi tekið skrifstofu KSÍ örfáar mínútur að svipta KR Reykjavíkúrmeistaratitli, þar sem liðið hafi teft fram óhlutgengum leikmanni í úrslitaleik.

Þá vekur sóknaraðili athygli á því að í úrskurði Dómstóls GSÍ í máli nr. 1/2023 komi fram að dómstóllinn telur sig ekki geta átt ákvörðunarvald í þessum efnum án þess að fyrir liggi formleg afstaða mótsstjórnar. Næsta sem sóknaraðili kveður gerast er að mótsstjórn segir að Dómstólar GSÍ eigi að leysa úr málinu. Málið fór aftur fyrir Dómstól GSÍ og því aftur vísað frá. Samkvæmt þessu ætli hvorki mótsstjórn né Dómstóll GSÍ að fjalla um kæru sóknaraðila um óhlutgengi keppanda.

Mótsstjórn vísaði til fyrra bréfs síns í tölvupósti til Áfrýjunardómstóls GSÍ dags. 27. mars 2024 og tók ekki til frekari varna.

GM tók til varna og lagði fram greinargerð, dags. 25. mars 2024. Í greinargerðinni var jafnframt vísað til fyrri framlagðrar greinargerðar og athugasemda.

Varnaraðili vísar til ferils málsins og kveður það ekki ásættanlegt að varnaraðili þurfi að taka til varna vegna sömu kæru og dómstóllinn hefur áður vísað frá og allir frestir til að bera málið aftur undir dómstóla löngu liðnir. Mátalibúnaður sóknaraðila sé í engu samræmi við lög eða reglur GSÍ.

Varnaraðili telur að sóknaraðili sé að biðja Dómstól GSÍ um að líta svo á að úrlausn á kæru hans í málinu nr. 1/2023 hafi ekki þýðingu og enn hafi ekki verið leyst úr kærinni dags. 12. ágúst 2023. Varnaraðili telur að Dómstóll GSÍ hafi sýnt kæranda allt of mikla mildi í afgreiðslu á kæru hans og án tilefnis leyst úr henni efnislega þó svo fyrir því væru engar forsendur og hefði átt að vísa henni frá á grundvelli 2. tl. 9. gr. laga um dómstóla GSÍ.

46 23

Þá segir í greinargerð varnaraðila að óumdeilt sé að liðsmaður varnaraðila sem kæran lítur að uppfyllti ófrávíkjanleg ákvæði um félagsaðild og forgjöf. Hann hafi ekki uppfyllt skilyrði um að eiga lögheimili á Íslandi þegar mótið fór fram en það skilyrði sé undanþægt. Mótsstjórn heimilaði þátttöku hins umdeilda kylfings og var það innan þess ramma sem störfum hennar er markaður. Henni bar ekki skylda til að hafa það ferli formlegt eða krefjast umsóknar eins og kærandi heldur fram. Telur varnaraðili að fyrir liggji að mótsstjórn hvort tveggja vissi af og samþykkti skráningu og þátttöku viðkomandi kylfings í umræddu móti. Til þess hafi mótsstjórn fulla heimild. Ekki þurfi að leita eftir afstöðu annarra og hafi mótsstjórn algjört sjálfðæmi um það hvort að hún heimili þátttöku hans.

Ekki sé unnt að krefja mótsstjórn um úrskurð um afstöðu sína eða getur hún verið krafín um úrskurð vegna athugasemda kæranda eftir að mótinu lauk, sbr. ákvæði 13. gr. móta- og keppendareglna GSÍ.

Varnaraðili kveður ákvæði D liðar í 7. Kafla í reglum R&A eigi ekki við enda hafi viðkomandi leikmaður verið hlutgengur að mati mótsstjórnar. Ákvæðið verði fyrst virkt ef mótsstjórn eftir að hafa fengið ábendingu telur að það hafi átt sér stað brot við framkvæmd móts. Ef mótsstjórn metur það svo að ábendingar um möguleg brot gegn reglum sé ekki á rökum reistar, þ.e. að mótsstjórn hafi starfað „innan þess ramma sem henni er settur“ í viðkomandi móti reynir ekki á það hvort eða hvernig henni er skylt að bregðast við því að mistök hafi átt sér stað við framkvæmd móts.

#### IV. Niðurstaða:

Af gögnum málsins má ætla að mótsstjórn, GSÍ og aðilum máls hafi ekki alveg verið ljóst á hvern hátt meðferð málsins skyldi hagað. Samkvæmt 4. tl. 101. gr. laga nr. 91/1991, er dómara skylt að leiðbeina aðila, sem er ólöglærður og flytur mál sitt sjálfur, um formhlið máls eftir því sem dómara virðist nauðsyn bera til. Verður að ætla að ákvæðið eigi einnig við um meðferð mála við dómstóla GSÍ og einnig í tilvikum þar sem ólöglærður aðili er málsvari golfklúbbs. Er því ekki fallist á þau rök kærða GM að dómari Dómstóls GSÍ hafi sýnt kæranda í máli þessu of mikla mildi við meðferð málsins. Dómara hafi verið skylt að leiðbeina kæranda sem er ólöglærður.

Með hliðsjón af reglum R&A um valdssvið mótsstjórna verður að telja betri framkvæmd að þær kveði skýrar á um afstöðu sína til þeirra mála sem til þeirra berast og heyra undir þeirra valdssvið. Á það þá einnig við um ákvörðun um leikheimild umrædds liðsmanns GM.

Þá verður einnig að horfa til þess að mótsstjórn var ekki kunnugt um að umræddur liðsmaður var ekki með lögheimili á Íslandi þegar umrætt mót fór fram. Kærði GM lét mótsstjórn hvorki vita af því að umræddur liðsmaður GM ætti ekki lögheimili á Íslandi né lagði kærði GM fram gögn er sýndu að liðsmaðurinn uppfyllti umbedin skilyrði um undanþágu samkvæmt 6. gr. móta- og keppendareglna GSÍ um leið og kærði GM sendi inn tilkynningu um umræddan liðsmann þann 26. júlí 2023. Verður að telja það ámælisvert af hálfu kærða GM.

Bæði Dómstóll GSÍ og Áfrýjunardómstóll GSÍ gaf mótsstjórn umrædds móts kost á að tjá sig um ágreining þann sem hér er til meðferðar. Af viðbrögðum mótsstjórnar verður að ætla að hún hafi litið svo á að óþarfi væri til að breyta úrslitum mótsins án þess þó að greina frá ástæðum þess.

Samkvæmt framansögu og með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar er ekki fallist á kröfu sóknaraðila.

Málskostnaður fellur niður.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Málskostnaður fellur niður.

Úrskurðarorð er lesið í heyranda hljóði.

  
Bergþóra Sigmundsdóttir

  
Garðar Svansson

Þórir Bragason

